

## **Reglugerð nr. 16. Lánsamningar (STF).**

### 1. gr.

Leikmanni er heimilt að gera samning um tímabundin félagaskipti (hér eftir kallaður STF) til félags þrátt fyrir að vera gildandi leikmaður annars félags. Reglugerðin á einungis við um leikmenn með íslenskan ríkisborgararétt.

### 2. gr.

Til að slíkur samningur teljist gildur þarf að koma til samþykki viðkomandi leikmanns, ásamt samþykki formanns íshökkídeildar þess félags sem lánar hann (móðurfélags) og þess sem fær hann að láni (lántökufélag). Staðfestingu allra aðila (sjá grein númer 9) þarf fyrir samningnum til að hann teljist gildur. Þegar formaður eða framkvæmdastjóri ÍHÍ hefur staðfest móttöku og útfyllingu samningsins öðlast hann gildi.

### 3. gr.

STF getur aldrei orðið lengri en til enda þess leikatímabils sem hann er gerður á.

### 4. gr.

Heimilt er að gera STF frá upphafi hvers tímabils til 30. nóvember.

### 5. gr.

Þeir sem hafa heimild til að gera STF eru:

1. Leikmenn í 2. flokki karla og skal þeim vera heimilt að spila með þeim flokkum í móðurfélagi sínu sem þeir gerðu ekki STF um. Leikmenn í 2. flokki karla hafa heimild til þess að gera STF til að leika með meistaraflokki lánsliðsins. Að uppsagnarfresti liðnum er þeim heimilt að spila aftur með móðurfélagi sínu í meistaraflokki sem STF var gert um.
2. Leikmenn í 3. flokki karla sbr. 5.1. nema þá skal einnig leita samþykkis foreldris/forráðamanns leikmannsins
3. Leikmenn í Gullflokki fjörutíu ára og eldri (old boys). Skal þeim sem STF gera um að leika í meistaraflokki lántökufélags með öllu óheimilt að spila með meistaraflokki móðurfélags á því keppnistímabili sem STF er gerður.

### 6. gr.

Leikmanni sem gerir STF er með öllu óheimilt að spila með móðurfélagi sínu í þeim flokki sem samngurinn kveður á um að hann væri lánður til á meðan samningurinn er í gildi.

### 7. gr.

Uppsagnarákvaði STF skal vera 15 dagar. Tvo aðila samningsins þarf til að segja honum upp.

### 8. gr.

Í samningi um STF skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn leikmanns.
2. Nafn móðurfélag leikmanns.
3. Nafn lántökufélags.
4. Í hvaða keppnisflokk leikmaðurinn er lánaður til.

9. gr.

Framkvæmd STF skal vera með eftirfarandi hætti:

1. Leikmaður skal með tölvupósti eða öðrum sannarlegum hætti senda beiðni um tímabundin félagaskipti til Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ).
2. ÍHÍ sendir leikmanninum sérstakan tölvupóst með formi af STF samningi.
3. Leikmaðurinn skal fylla út samninginn og senda hann til forráðamanna móðurfélags og lántökufélags.
4. Leikmaðurinn ásamt forráðamönnum móðurfélags og lántökufélags staðfestir samninginn með tölvupósti sem inniheldur útfylltan samninginn, til ÍHÍ sem gefur út leikheimild til handa leikmanninum þegar borist hafa 3 samhljóða eintök af STF.
5. Sé samningum sagt upp skal það gert með sama hætti og til hans var stofnað.

10. gr.

Lántökufélag eignast engin önnur réttindi í leikmanninum heldur en þau sem koma fram í STF.

11. gr.

Komi til ágreinings varðandi STF skal málinu vísað til aganefndar sem hefur úrskurðarvald um framkvæmd og lögmæti STF.

12. gr.

ÍHÍ innheimtir gjald fyrir leikheimld vegna STF sem skal vera kr. 5.000. pr. leikmann.